


# Merkar fornleifar í Dalvíkurbyggð: Samantekt vegna aðalskipulags



Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

Reykjavík 2006

FS318-06241





*Forsíðuteikning er af Goðatóft (170:013)*

© Fornleifastofnun Íslands 2005

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Fax: 551 1047

Netfang: [fsi@instarch.is](mailto:fsi@instarch.is)

Heimasíða: [www.instarch.is](http://www.instarch.is)

INNGANGUR.....	5
FORNLEIFAR Í DALVÍKURBYGGÐ.....	7
FRIDLÝSTAR FORNLEIFAR Á SVÆÐINU .....	8
ATHYGLISVERÐIR MINJAR/MINJASVÆÐI.....	10
LOKAORÐ .....	25

## Inngangur

Fornleifastofnun Íslands gerði aðalskráningu á fornleifum Dalvíkurbyggð í 5. áföngum á árunum 1999-2003. Nú er unnið að aðalskipulagi í Dalvíkurbyggð og að því tilefni höfðu forsvarsmenn sveitarfélagsins samband við Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, sem sá um fornleifaskráninguna fyrir hönd stofnunarinnar, og fóru þess á leit að hún gerði frekari greiningu á upplýsingum um fornleifar vegna skipulagsgerðarinnar. Áhugi forsvarsmanna skipulagsins beindist fyrst og fremst að því að kortleggja sérstaklega friðlýstar fornleifar ásamt því að valdir yrðu um 20 minjastaðir/svæði til viðbótar sem þættu sérstaklega áhugaverð og hægt væri að merkja inn á skipulagsupprátt.

Fyrstu tveir áfangar fornleifaskráningar í Dalvíkurbyggð voru unnir áður en sveitarfélagið eignaðist loftmyndir á tölvutæku formi og því var kortlagning á ríflega 900 minjastöðum ekki tiltæk á tölvutæku formi. Samhliða vali á sérlega áhugaverðum minjastöðum fór sveitarfélagið því fram á að kortlagðir yrðu þeir minjastaðir sem uppá vantaði svo að allir þekktir minjastaðir í sveitarfélaginu væru tiltækir á stafrænum loftmyndum og nýttust í frekari skipulagsgerð.

Því verki sem unnið var fyrir Dalvíkurbyggð vegna aðalskipulagsgerðar má því skipta í tvennt.

1. Annars vegar var tekin saman skrá um merka minjastaði í sveitarfélaginu. Í skránni, sem fylgir hér að aftan, eru dregnar saman upplýsingar um friðlýstar fornleifar í sveitarfélaginu, greint frá ástandi þeirra, staðsetningu og lagt mat á minjagildi þeirra. Til viðbótar hafa verið valdir úr minjastaðir og minjasvæði sem þykja hafa einstakt minjagildi og er gerð grein fyrir þeim með sama hætti og friðlýstu stöðunum.
2. Hins vegar var unnið af frekari kortlagningu fornleifa í sveitarfélaginu. Öllum þeim minjastöðum sem ekki höfðu þegar verið kortlagðir á tölvutæku formi var varpað inn í landshnitakerfi og þeir færðir inn á loftmyndir frá sveitarfélaginu. Auk þess voru eftirfarandi minjar/minjasvæði færð inn á sérkort:
  - a) Allar friðlýstar minjar í sveitarfélaginu
  - b) Um 20 minjastaðir/minjasvæði sem voru valdir úr og þóttu hafa sérstaklega mikið minjagildi
  - c) Merkt voru minjasvæði í öllu sveitarfélaginu þar sem ætla má að minjadreifing sé þéttust innan hverrar jarðar.

Hér verður gerð grein fyrir 1. hluta úttektarinnar en síðari hlutinn er á formi stafrænna korta. Í viðauka 1 fylgja þó hnit þeirra staða sem getið er í samantektinni í landshnitakerfi (ISN93).

## Fornleifar í Dalvíkurbyggð

Í Dalvíkurbyggð er mikið af áhugaverðum fornleifum. Ein af ástæðum þess að svo margir og fjölbreytilegir minjastaðir eru þekktir á þessum slóðum sé sú að aðalskráningu fornleifa er lokið í sveitarfélaginu. Við aðalskráningu var safnað saman upplýsingum um alla þekktu minjastaði innan sveitarfélagsins og við þá skráningu fundust yfir 2000 minjastaðir. Margir þeirra minjastaða voru reyndar þekktir meðal ábúanda jarða og í örnefnaskrá áður en skráning hófst en mun ítarlegri upplýsingum um slíka staði var safnað við skráninguna, auk þess sem heilmargir staðir bættust við, við vettvangsrannsókn. Þrátt fyrir að aðalskráningu sé lokið í Dalvíkurbyggð, og upplýsingar um minjastaði því betri og ítarlegri en í mörgum öðrum sveitarfélögum þar sem slík vinna er ekki hafin, verður ekki á móti því borið að í sveitarfélaginu er um óvenju auðugan garð að gresja þegar kemur að fornleifum. Þar hefur verið grafinn upp víkingaaldarskáli, hvergi eru t.d. kumlfundir jafn margir og á einmitt þessu svæði, mikilfengleg garðlög (gjarnan nefnd Sveitarlangur) teygja sig um mestalla sveitina og í botni Skíðadals sem og í Þorvaldsdal eru heillegar eyðibýggðir þar sem gefur á að líta lítt raskað búsetulandslag frá 19. og 20. öld. Auk þessara minja eru víða, og um allt sveitarfélagið, heillegar tóftir, t.d. leifar útihúsa, rétta, kvía, stekkjia, selja og beitarhúsa.

## Friðlýstar fornleifar á svæðinu

Allar þær minjar sem skráðar voru við fornleifaskráningu 1999-2003 njóta verndunar samkvæmt Þjóðminjalögum og eru því jafn hátt settar í lögnum. Hins vegar eru minjarnar 2000 auðvitað eins misjafnar og þær eru margar. Sumir minjastaðanna kunna að vera frá fyrstu byggð á svæðinu en aðrir eru frá því um aldamótin 1900, sumar minjanna eru alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir. Margar af fornleifunum eru í alfaraleið en aðrar í afdölum og að þeim margra klukkustunda gangur.

Mat á gildi minjastaða hlýtur alltaf að vera álitamál og mótast af tíðaranda og áhuga þeirra sem það leggja. Fram til þessa hefur friðlýsing – þinglýst kvöð á landareign um ævarandi verndun minjastaðar – verið helsta tækið til að skilgreina sérstaklega merkilega minjastaði. Í friðlýsingu minja felst ákveðin mótsögn þar sem allir minjastaðir hundrað ára og eldri njóta, lögum samkvæmt verndunar, og er því lögfræðilegt álitamál hversu miklu meiri verndunar hinar sérstaklega friðlýstu minjar njóta, eða hvort þær beri endilega að telja merkilegri en aðrar. Friðlýsingar byggja upphaflega á lögum um verndun fornminja frá 1907. Flestar friðlýsingar fornminja voru gerðar fyrir 1940 og aðeins hafa örfáar fornleifar fengið þann virðingarsess á undanförunum áratugum þó fornleifaskráning og fornleifarannsóknir hafi margfaldast á þessu sama tímabili. Friðlýsingarnar mótuðust því af tíðarandanum á fyrri hluta 20. aldar og byggja oft fremur á sagnahyggju heldur en fornleifafræðilegum staðreyndum. Friðlýsingarnar voru líka gerðar áður en fornleifaskráning komst á skrið og byggja því ekki á heildaryfirsýn um fornleifar. Því er viðbúið að fjölmargir staðir sem hefðu talist nógu merkilegir til að vera friðlýstir njóti ekki friðlýsingar einfaldlega vegna þess að ekki var um þá vitað á millistríðsárunum þegar mest var friðlýst. Lengi hefur verið rætt um að endurskoða friðlýsingarnar eða jafnvel afnema þær að hluta eða öllu leyti, en ennþá hefur ekkert verið hreyft við þeim. Á meðan hefur friðlýsingum fornleifa verið gefið mikið vægi í skipulagsmálum og er algengt að við skipulagsgerð sé einblínt á þá staði innan sveitarfélaga sem eru friðlýstir en hinir látnir liggja á milli hluta. Með þessu verða friðlýsingarnar fremur hindrun en hækja í minjavernd, sér í lagi í ljósi þess að meðal þeirra eru ýmsir staðir þar sem allt eins má ætla að fornleifar hafi aldrei verið að finna, þar eru staðir sem eru með öllu horfnir fyrir mörgum áratugum og staðir sem ómögulegt er að rökstyðja að séu öðrum minjastöðum fremri. Á friðlýsingaskrá eru ekki minjasvæði líkt og gert er á náttúruminjaskrá heldur aðeins stakar fornleifar og sjaldnast línulegar fornleifar, þ.e. fornleifar sem ná yfir margar jarðir s.s. garðlög og leiðir.



Að samarlögðu má segja að friðlýsingaskrá sé afar óheppilegt tæki til að varpa ljósi á merkustu minjastaði í hverju sveitarfélagi og því ekki góð leið að byggja á henni við gerð skipulagsupphráttu eða sem flokkun á minjum sem sérstaka athygli ætti að vekja á.

Í Dalvíkurbyggð eru 11 friðlýstar fornleifar<sup>1</sup> sem er um 0,5% af öllum þekktum minjastöðum innan sveitarfélagsins. Þetta eru eftirfarandi staðir:

Heiti	Fornleif nr.	Hlutverk	Friðlýst hvenær	Ástand	Friðlýsing -arskilti	Einstakt minjagildi
<b>Lögrétta (Grund)</b>	EY-124:019	meintur þingstaður	1932	Horfið	nei	nei
<b>Skáli</b>	EY-140:007	víkingsaldarskáli	1932	Horfið	nei	nei?
<i>Kringla</i>	<i>EY-149:016</i>	<i>býli</i>	<i>1976</i>	<i>Sést</i>	<i>já</i>	<i>já</i>
<i>Tungukot syðra</i>	<i>EY-149:014</i>	<i>býli</i>	<i>1976</i>	<i>Sést</i>	<i>já</i>	<i>já</i>
<b>Akurgirðingar<sup>2</sup></b>	EY-151:013	ræktun (skepnuhald)	1932	Horfið	nei	nei
<b>Goðatóft</b>	EY-170:013	hof	1932	Sést	nei	já <sup>3</sup>
<b>Lögrétta (Völlum)</b>	EY-173:012	meintur þingstaður	1932	stök tóft	nei	nei
<i>Dalsbæjarrústir (Hálskot)</i>	<i>EY-052:023-024</i>	<i>bæjarrústir</i>	<i>1984 (1932)</i>	<i>Sést</i>	<i>já</i>	<i>já</i>
<b>Hærekshóll</b>	EY-062:003	legstaður	1932	sést	nei	nei
<i>Hávarðarstaðir</i>	<i>EY-059:034</i>	<i>bæjarrústir</i>	<i>1972</i>	<i>sést</i>	<i>já</i>	<i>já</i>
<i>Þórhallakot</i>	<i>EY-059:025</i>	<i>bæjarrústir</i>	<i>1972</i>	<i>sést</i>	<i>nei</i>	<i>já</i>

Ríflega þriðjungur þessara staða er nú horfinn á yfirborði og litlar sem engar fornleifafræðilegar vísbendingar eru um hlutverk fimm þeirra. Minnihluti þessara staða er merktur, enda raunar stundum vafi um nákvæma staðsetningu þar sem allar minjar eru horfnar af yfirborði. Goðatóft var friðlýst sem hofatóft en á síðustu áratugum hafa flestir snúið baki við tilgátum um hof enda ekki á neinum fornleifafræðilegum vísbendingum að byggja um þau. Hins vegar má segja að tóftin sé áhugaverð þar eð hún líkist mjög bænhústóft og ekki hafa aðrar slíkar tóftir varðveist í sveitarfélaginu. Sem slík hefur hún mikið minjagildi. Aum hennar má segja að allir þeir staðir sem friðlýstir hafa verið á síðustu þrjátíu árum séu verðugir sérstakrar athygli og þó sérstaklega Dalsbæjarrústir (EY-052:023/024) og bæjarrústirnar í Þorvaldsdal (EY-059:025 og 034) en um þessa staði verður fjallað sérstaklega hér að aftan í tillögu að lista yfir áhugaverðar minjar í Dalvíkurbyggð.

<sup>1</sup>Í raun teljast þó 12 staðir friðlýstir en einn staður Dalsbær/Neðra- og Efra Hálskot er friðlýstur tvisvar, bæði í Svalbarðsstrandarhreppi og í Arskógshreppi.

<sup>2</sup> Friðlýst sem “akurgirðingar fyrir misskilning en þarna var “Uslarétt” sem helst er talin hafa verið nátthagi.

<sup>3</sup> Tóftin var friðlýst vegna þess að hún var talin af hofi. Fjölmargir staðir, víða um land voru taldir hof á 19. öld og fyrri hluta þeirrar 20., en á síðustu áratugum hafa fræðimenn flestir snúið baki við tilgátum um hof enda ekki á neinum fornleifafræðilegum vísbendingum að byggja um þau. Vel má vera að tóftin sé engu að síður merk, t.d. minni hún um margt á þekkt bænhús og sem lík hefði hún ótvírætt minjagildi

## Athyglisverðir minjar/minjasvæði

Eins og áður kom fram er aðalskráningu í Dalvíkurbyggð lokið og eru samtals þekktar 2039 fornleifar innan sveitarfélagsins. Við úrvinnslu gagna og skýrsluritun voru valdir úr minjastaðir sem þóttu sérstaklega áhugaverðir fyrir einhverra hluta sakir og þóttu hafa óvenjuhátt minjagildi. Þessir staðir höfðu ýmist óvenjugott varðveisl-, kynningar- og/eða rannsóknargildi. Samtals voru valdir um 84 minjastaðir eða minjasvæði sem þóttu hafa sérstaklega mikið gildi og má reikna með að það séu meira en 5% minjastaða í sveitarfélaginu. Forsvarsmenn skipulagsvinnu í Dalvíkurbyggð fóru fram á að auk friðlýstra fornleifa yrðu valdir og merktir inn á skipulagskort um 20 minjastaðir eða svæði (af þeim 84 sem áður höfðu verið valdir) sem álitin væru sérstaklega áhugaverð fyrir einhverra hluta sakir og þeir merktir sérstaklega inn á skipulagskort.

Við val á merkum minjastöðum í Dalvíkurbyggð var höfuðáhersla lögð á kynningargildi minjastaða. Slíkir staðir hafa að sjálfsögðu mikið varðveislugildi en þurfa ekki endilega að vera þeir staðir þar sem rannsóknargildi er hvað hæst. Hér verður aðaláhersla lögð á kynningargildi en vísað í fyrri úttekt á áhugaverðum minjastöðum (sjá skýrslur um fornleifaskráningu í Dalvíkurbyggð 1999-2003) þar sem er að finna ítarlegri úttekt á áhugaverðum minjastöðum á svæðinu.

Hér er lagt til að þrjú minjasvæði verði merkt inn á skipulagskort sem sérlega áhugaverð svæði. Auk þeirra er lagt til að garðakerfi svæðisins, sem gjarnan er nefnt Sveitarlangur fái sérstaka athygli sem og kumlfundir á svæðinu. Auk þessara staða voru valdar 13 staðbundnar minjar sem þykja sérlega athygliverðar og gætu hentað til kynningar.

### 1. Þorvaldsdalur

Ljóst er að Þorvaldsdalur hefur flest það sem prýtt getur spennandi minjasvæði. Þar getur að líta fjölmörg bæjarstæði í misjöfnu ásigkomulagi, sumstaðar eru bæjarrústirnar lítt greinilegar en yngsti



*Bæjarhóll Kúgils í Þorvaldsdal.*

bærinn í dalnum, á Kleif, hangir enn uppi að hluta, enda búið þar allt fram á 9. áratug 20. aldar. Auk spennandi bæjarústa eru á Þorvaldsdal stæðilegir bæjarhólar (þar sem búast má við að mannvistarleifar liðinna alda hafi safnast upp), firnamargar útihúsatóftir, túngarðsleifar, kvíatóftir, stekkjartóftir, seljatóftir, áveitukerfi, traðir, greinilegar mógrafir og mætti lengi telja enn. Í stuttu máli má segja að á dalnum séu óraskaðar flestar þær gerðir mannvirkja sem byggð voru í tengslum við hefðbundinn búskap á 19.-20. öld, og í raun um aldir alda. Á dalnum hafa þegar verið friðlýstar tvær tóftabyrpingar en full ástæða er til að mæla með að dalurinn í heild njóti friðhelgi og reynt verði að stuðla að því að ekki verði hreyft við því landslagi sem þar hefur áratugum saman verið í friði fyrir framkvæmdum og öðru því raski sem víðast hefur gjörbreytt menningarlandslagi. Þorvaldsalur er að stærstum hluta þægilegur yfirferðar. Göngufært er eftir dalnum beggja vegna og auk þess liggur bíslóði inn dalinn að austanverðu, að Hrafnagili.

Auðvelt ætti því að reynast að kynna dalinn betur fyrir almenningi og mætti auka á gildi útivistar þar með því að miðla upplýsingum um hann, ýmist í gegnum Netið, í formi bæklinga eða skilta. Ljóst er að dalurinn er minjaperla sem mikilvægt er að hlúa að. Hið víðáttumikla og samfellda



*Hestasteinn við bæinn Kúgil*

minjasvæði gefur auk þess mikla möguleika á hvers kyns áframhaldandi fornleifarannsóknum, hvort sem er nákvæmari uppmælingum á rústasvæðum eða uppgrefti á völdum minjum. Tillögur hafa komið fram um að taka Þorvaldsdal á náttúru-minjaskrá og gæti þar farið vel saman náttúru- og fornleifavernd.

## 2. Botn Skíðadals (Hverhóll, Krosshóll, Sveinsstaðir Gljúfrárkot og Holárkot).

Líkt og í Þorvaldsdal eru í botni Skíðadals vel varðveittar leifar bæja, útihúsa, túngarða og má þar greina flestar þær minjar sem búskapur fyrri tíðar skilur eftir sig. Þar sem nokkuð er um liðið síðan svæðið fór í eyði eru leifarnar óskemmdar að mestu. Svæðið er skemmtileg minjaheild og gefur góða mynd af búskaparháttum fyrri tíma. Bæirnir eru flestir merktir með

skiltum  
en auka  
mætti á  
gildi  
svæðisi  
ns með



*Bæjarhóll og bæjartóft Hverhóls í Skíðadal*



*Tráðir frá bænum Sveinsstöðum í Skíðadal.*

útgáfu bæklinga og með því að setja upp ítarlegri skilti á svæðinu.

## 3. Háls og austanverður Hálsdalur

Háls eða Hámundarstaðaháls eins og hann heitir fullu nafni skilur á milli hins eiginlega Svarfaðardals og Árskógsstrandar. Vestan við hálsinn gengur svo inn dalverpi, Hálsdalur. Hin miklu garðlög sem greina má víða í hlíðum í Svarfaðardal og Skíðadals greinast á þessum slóðum í fleiri garða og í raun er garðakerfi Dalvíkurbyggðar hvergi eins flókið eins og einmitt á þessum stað. Á



*Horft út Hálsdal. Fyrir miðri mynd má sjá rústir Hálssels*

hálsinum eru einnig minjar um mikla hjáleigubýggð. Þar er býlið Lykkja (181:008 - um 800 m norðan við Hálsbæ) þar sem ennþá sjást leifar sporöskjulaga vallargarðs og 3-4 rústa, býlið Þrælagerði (181:009), sem reyndar er nú að mestu sléttað í tún og býlið Fjallgerði (181:011 í hálsinum um 600 m SSA við Hálsbæinn). Á Fjallgerði eru enn 8



tóftir og mikil garðlög í námunda. Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur tók borkjarnasýni á þessum slóðum 1989 en frekari rannsókna væri þörf ef ákvarða ætti með vissu aldur rústanna. Í austanverðum Hálsdal er talsvert af spennandi fornleifum og mætti auðveldlega gera spennandi gönguleið inn dalinn þar sem fornleifar væru í fyrirrúmi. Á þessari leið mætti ganga framhjá Fjallgerði og síðan meðfram miklum garðlögum (181:024 og 181:028) sem liggja fyrir ofan býlið og að Hálsá. Á milli garðlaganna, niður við Hálsá, væri svo farið fram hjá skemmtilegri tóft líklega var stekkur (181:027) frá Hálsi. Ef áfram er haldið inn dalinn er fyrst komið að Hálsseli (181:014) en þar eru 3 tóftir í um 2,3 km fjarlægð frá bæ, utan Ríplanna sem skipta dalnum í tvennt. Fyrir þá sem vildu lengri gönguleið mætti halda sem leið liggur yfir Ríplana að Fremraseli (181:015) en þar eru 4 tóftir um 3 km frá Hálsi. Enn innar er svo smalakofi á dalnum (181:020). Hálsdalur var fyrrum nýttur sameiginlega af Hámundarstöðum og Hálsi í Svarðardal en skv. merkjadómi frá 1890 telst Hálshlíðin öll í landi Háls. Svæðið er óvenju auðugt af skemmtilegum minjum og gönguleið inn eftir dalnum er auðveld. Hún byði upp á möguleika á skemmtilegri kynningu á búskaparháttum fyrri tíma.




*Þvergarður sem gengur upp eftir Hálsinum. Hann hefur án efa verið hluti af umfangsmiklu garðakerfi sem liggur um sveitina*

#### **4. Kuml í Dalvíkurbyggð.**

Í Dalvíkurbyggð hafa fundist 11-13 kuml/kumlateigar<sup>4</sup> og í þeim a.m.k. 36 kuml. Óhætt er að fullyrða að í engu öðru sveitarfélagi á landinu séu eins margir kumlfundir. Fyrsta þekktu kumlið fannst á Sökku um 1770 en það síðasta fannst í kjölfar fornleifaskráningar, en við skráningu fundust ummerki sem talið var að gætu verið kuml og staðfesti uppgröftur sumarið 2005 að þar leyndust leifar tveggja kumla. Meðal kumlanna í Dalvíkurbyggð eru tvö bátskuml og hlýtur það að vekja nokkra athygli að af aðeins fimm bátskumlum sem fundist hafa hér á landi skuli tvö vera á Dalvík. Jafnframt eru á svæðinu tveir af stærri kumlateigum landsins.

<sup>4</sup> Kumlin eru talin 13 hér en 10 í Kuml og haugfé. Þar eru kumlin þrjú á Hámundarstaðahálsi talinn einn og sami fundurinn, ekki er getið um meint kuml í landi Hellu og síðan þá hafa fundist ný kuml í Kálfskinnslandi.

Mörg af þeim kumlum sem eru þekkt í Dalvíkurbyggð fundust við ýmiskonar framkvæmdir. Rannsóknir á þeim mætti kalla björgunaruppgrefti þar sem þær miðuðust oftar en ekki við að týna upp þær leifar sem þegar höfðu komið í ljós og grafa í nágrenni þeirra. Í fæstum tilfellum var tæmandi rannsókn gerð á staðnum og því sjaldgæft að tekinn væri af allur efi um hvort fleiri kuml kynnu að leynast í nágrenninu. Það er ekki síst sökum þessa sem sérstök ástæða þykir hér til að vekja athygli á kumlum í sveitarfélaginu. Það sem gerir það að verkum að kuml eru óvenju snúnir minjastaðir að vernda er að oft sjást engin merki þeirra á yfirborði. Þess vegna er enn brýnna en ella að halda vakandi verndarhendi yfir slíkum stöðum. Ekki er hægt að segja að stakir kumlfundir hafi mikið kynningargildi sem slíkir þar sem oftast er ekkert að sjá á yfirborði vel færi á því að hin fjölmörgu kuml sem fundist hafa í Dalvíkurbyggð yrðu á einhvern hátt kynnt fyrir heimamönnum og ferðalöngum. Slíkt mætti t.d. gera í tengslum við kynningu á landnámi á svæðinu enda eru kumlin mikilvægur vitnisburður um búsetu á svæðinu á fyrstu áratugum og öldum eftir landnám. Hér að neðan fylgir listi um á hvaða jörðum í Dalvíkurbyggð kuml hafa fundist. Í viðauka 2 er að finna stutta samantekt um hvern stað.



*Staðsetning nýjasta þekhta kumlsins í Dalvíkurbyggð, í landi Kálfskinns*

- 1-2. Kuml á Hámundarstaðahálsi (052:025 og 026)
3. Kuml í Stærra-Árskógi (059:023)
4. Mögulegt kuml í Hellulandi (066:025)
5. Kuml á Hrísum (100:008)
6. Bátskuml í Böggvistaðalandi (101:020)
7. Kumlateigur (m.a. bátskuml) í Brimneslandi (103:013)
8. Kuml í landi Lækjarbakka (110:004)
9. Kumlateigur í landi Ytra-Garðshorns (125:013)
10. Kuml í landi Dælis (150:024)
11. Tvíkuml í landi Ytra-Hvarfs (165:022)
12. Kuml í landi Sökku (176:033)
13. Tvö kuml í landi Kálfskinns (062:002)

## 5. Fornt garðakerfi í Dalvíkurbyggð (Sveitarlangur)

Aðspurður um fornleifar í sinni sókn árið 1839 svaraði sr. Hákon Espólin:

*Ei eru hér fornleifar, það ég veit, utan garðlög- það eru landamerkjja- og göngugarðar margir og langir, svo það er með furðu, hversu mikið erfíði hefir verið haft fyrir þeim. Eru sumir þeirra mörg hundruð faðma, og sums staðar vita menn nú varla aðgreiningu landamerkjja- og göngugarðanna.<sup>5</sup>*

Lengi hefur verið þekkt samansafn garðparta meðfram vestanverðum Svarfaðardal inn í botn og aftur út með austanverðum dalnum. Um er að ræða garða sem liggja meðfram fjallshlíðinni ofan bæjanna og víða hafa landamerkjagarðar vafalaust legið frá þessum garðlögum og niður í dalsbotn. Garðarnir eru gjarnan kallaðir göngugarðar og garðakerfið nefnt einu nafni *Sveitarlangur*. Hlutverk garðlaganna er ekki alveg ljóst en líklegast þykir að þeir hafi þjónað sem einhvers konar vörslu- og landamerkjagarðar og þeir hafi síðar, eftir að hætt var að halda þeim við, verið notaðir sem göngugarðar. Garðakerfið hefur víða verið skemmt eða það einfaldlega horfið og því er oft langt á milli garðparta og erfitt að skera úr um hverjir garðanna geta talist hluti kerfisins og hverjir gætu hafa verið byggðir á öðrum tíma og í öðrum tilgangi. Heimildir voru fyrir garðleifum utarlega á Svarfaðardal austan- og vestanverðum og að garðlögin hefðu áður e.t.v. náð langleiðina inn í dalinn.



*Landamerkjagarður milli Sökku og Skáldalækjar. Líklegt er að garðurinn sé hluti af garðakerfinu sem liggur um mestalla sveitina*

Vettvangsrannsókn leiddi hins vegar í ljós að garðlögin er að finna á mun stærra svæði, eða slitrótt inn Svarfaðardal, með fram Tungufelli og inn í Skíðadal og síðan sem leið lá út austanverðan Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi, Árskógsströnd og jafnvel inn í Þorvaldsdal. Í stuttu máli sagt þá virðast þau hafa náð um allt sveitarfélagið. Garðlögin eru víða 3-6 m á breidd en 0,4-0,8 m á hæð. Þau hafa sumstaðar horfið við ýmiskonar framkvæmdir tengdar búskap en einnig á köflum sokkið í mýrar eða einfaldlega hrunið og gróið saman við umhverfið. Garðakerfið má þó, eins og áður segir, sjá á löngum köflum í Svarfaðardal, Skíðadal og á Árskógsströnd.

Enn hefur engin sérstök rannsókn verið gerð á garðlögunum í Dalvíkurbyggð en allt bendir til að þau séu af svipuðum toga og áþekk garðlög í Suður-Þingeyjarsýslu sem hafa töluvert verið rannsökuð á síðustu árum. Þar hefur farið fram umfangsmikil myndataka úr



lofti, garðlögin hafa verið kortlögð og auk þess verið grafnir fjölmargir skurðir í þau til að ákveða gerð þeirra og aldur. Þessar rannsóknir benda til að garðarnir hafi allir verið hlaðnir löngu fyrir 1300 og hugsanlega fyrir 1104. Rannsóknirnar benda því til að garðlögin hafi verið hlaðin á fyrstu tveimur öldum byggðar í landinu og að þau hafi verið komin úr notkun talsvert fyrir 1300. Forvitnilegt væri að rannsaka og kortleggja þau garðlög sem greinileg eru í Dalvíkurbyggð betur og jafnvel að grafa skurði í valin garðlög til að ganga úr skugga um aldur þeirra og hvort þau eru sambærileg við garðakerfið í Suður-Þingeyjarsýslu.

Sé um samfellt garðakerfi að ræða í Dalvíkurbyggð eins og vettvangskráning benti til er það án efa mikilfenglegustu minjar sveitarfélagsins og er brýnt að koma í veg fyrir að það verði frekari eyðileggingu að bráð. Erfitt getur verið að vernda fornleifar sem ná yfir stór



*Sveitalangur*

svæði og eru innan margra jarða en besta leiðin til þess hlýtur að vera að kortleggja þær og vekja á þeim athygli. Garðana væri því æskilegt að kortleggja frekar og kynna fyrir heimamönnum sem og ferðafólki.



*Skessugarður á Tunguhálsi garðakerfi svæðisins.*

## Aðrir áhugaverðir minjastaðir í Dalvíkurbyggð

6. **Karlsárnaust (108:009-011 og 015).** Í Karlsárnausti smíðaði Eyvindur Jónsson (Duggu-Eyvindur) haffært þilskip úr rekaviði fyrstur Íslendinga í upphafi 18. aldar og er það gjarnan talið upp sem eitt af fágætu frumkvæðum Íslendinga í atvinnusköpun á 18. öld.<sup>6</sup> Á þessu svæði sjást talsverðar byggingaleifar, eftir naust, íshús og mögulega verbúð. Tóft Karlsárþúðar er uppi á bakkanum ofan við naustin. Þegar hefur verið

<sup>5</sup> Sýslu- og sóknarlýsingar. 1972:100-101.

<sup>6</sup> Sbr. Saga Íslands. 2006: 94.



reistur minnisvarði um skipasmíðina við Þjóðveginn og væri hægt að vísa fólki þaðan niður í naustin til að skoða minjarnar.

7. **Uslarétt** (165:034). Vitað er um fimm Uslaréttir í Svarfaðardal (138:004, 146:019, 148:009, 151:013 og 165:034) en þær þekkjast ekki utan dalsins. Réttirnar eru allar inni á milli hóla í svipuðu landslagi. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar réttir hafa gegnt en helst hallast menn að þeirri skýringu að þær hafi verið notaðar sem e.k. nátthagar, til að koma í veg fyrir að féð ylli “usla” í túnnum um nætur.<sup>7</sup> Af þeim fimm Uslaréttum sem þekktar eru í Dalvíkurbyggð eru tvær horfnar, ein að hluta skemmd en tvær eru í ljómandi góðu ástandi. Það eru réttir í landi Klaufabrekknakots (138:004) og í landi Ytra-Hvarfs (165:034). Uslaréttir eru minjastaðir sem eru einstæðir í Dalvíkurbyggð og á þeim mætti vekja athygli. Ef slíkt yrði gert mætti segja að réttin í landi Ytra-Hvarfs hentaði best til kynningar.



*Uslarétt í landi Ytra-Hvarfs*

8. **Selhóll** er beint ofan við Dalvíkurbæ og þar gefur að líta athyglisverðar selrústir (EY-101:019). Miklar stekkarleifar (101:011) eru einnig í landi Böggvistsstaða, ofan bæjar. Tilvalin gönguleið væri um Dalagötur frá stekknunum, upp hliðina, í selið og svo áfram sem leið liggur inn á Böggvistsstaðadal að smalakofa 101:014. Kofinn er talinn vera sami kofi og Davíð Stefásson yrkir um í kvæðinu um *Dísu í dalakofanum*. Þessir minjastaðir hafa kynningargildi, sér í lagi vegna nálægðar sinnar við þéttbýlið.

<sup>7</sup> Sjá t.d. Kristján Eldjárn. 1980, 106-110.

## 9. Nafnlaust

### tóftasvæði (129:010-015) í landi Steindyra.

Engar heimildir eru um þær fjölmörgu tóftir sem eru vestan þjóðvegjar á Steindyrum. Á þessu svæði er

Steindyrarétt (129:010) sem er ásamt Holtsrétt (115:008) og Skeiðsrétt (145:010) stæðilegasta skilarétta dalsins. Á svæðinu sést til Sveitarlungs og fleiri garða auk fjölda misgróinna tófta. Ofan við tóftasvæðið er svo sel Steindyra (129:009). Þetta svæði er stutt

frá þjóðvegi og þar eru óvenju fjölbreytilegar tóftir á litlu svæði. Svæðið hefur því mikið varðveislu- og kynningargildi.




*Horft yfir nafnlaust tóftasvæði í landi Steindyra*



*Steindyrarétt*

## 10. Fornleg tóft ofan við nýja kirkjugarðinn í landi Urða (133:012). Nýi

kirkjugarðurinn á Urðum er á hól sem nefndur er Bæjarhóll. Milli kirkjugarðsins og hlaðs við áhaldaskemmu (ofar á sama hól), er grasblettur. Á þessum grasbletti er forvitnileg tóft. Engar heimildir eru um hana en líklegt er að hún sé forn. Hún snýr norður-suður (upp-niður) er í kringum 24 m á lengd en um 6 m á breidd þar sem hún er breiðust en hún



*Tóftin fornlega í landi Urða*



mjókkar eilítið til endanna. Tóftin er afmörkuð af hlaðinu en ekki er ljóst hvort suðurendi hennar skemmdist við gerð kirkjugarðsins eða hvort hún fjarar einfaldlega út á svipuðum stað. Grunnur vegarslóði liggur þvert yfir tóftina miðja og er ljóst að hann hefur skemmt hana eitthvað. Ekki er víst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt en þarna virðist komið íveru- eða útihús frá fyrri öldum. Tóftin hefur ótvírætt varðveislu- og rannsóknargildi.

**11. Meintar bæjarleifar í landi Þorsteinsstaða (142:023).** Í hliðinni ofan við

íbúðarhúsið á Þorsteinsstöðum gefur að líta forvitnilega tóft. Engar heimildir eru um hana en heimamenn vilja meina að þetta sé eldra bæjarstæði Þorsteinsstaða. Á þessum stað gætu leynst íveruhús frá fyrri öldum. Kristján Eldjárn skoðaði tóftina lítilliga rétt fyrir 1980 og



*Meintar bæjarleifar Þorsteinsstaða sjást óljóst á miðri mynd*

hafði áhuga á að þar yrðu gerðar frekari rannsóknir en af því varð ekki. Minjastaðurinn hefur rannsóknar- og varðveislugildi.

**12. Vífilsstaðir (144:007)** í landi Kots hafa verið í eyði síðan á fyrri hluta 19. aldar. Þar

gefur að líta heildstæðar bæjartóftir, útihús, túngarð og gerði.



*Leifar af Vífilsstaðabænum*

Svæðið í heild hefur varðveislu- og kynningargildi.

**13. Sæluhús á Heljardalsheiði (143:040)** fannst fyrir nokkrum árum. Rústir hússins eru

nálægt hreppamörkum og hefur það verið notað af ferðalöngum á fyrri tímum til




*Sæluhúsið á Heljardalsheiði*

skjóls og áningar. Rústin er enn nokkuð stæðileg og hefur varðveislu- og kynningargildi.

**14. Tóft í hringlaga gerði í landi Hofs (170:013)** er friðlýst. Tóftin er nefnd Goðatóft.

Áður var talið á þessum stað hefði verið hof eða jafnvel dómhringur og er tóftin friðlýst sem slík. Rannsóknir á síðustu áratugum hafa leitt í ljós að engar fornleifafræðilegar sannanir eru fyrir tilvist hofa en Goðatóft telst engu að síður merkileg. Á Hofi eru heimildir fyrir bænhúsi en staðsetning þess er ekki þekkt. Goðatóft er lítil og fornleg tóft sem snýr austur-vestur í hringlaga gerði




skammt norðan við bæ. Hún minnir óneitanlega mest á bænhús- og kirkjugarð og er áþekkt svipuðum slíkum tóftum sem hafa fundist hér á landi (t.d. í Saltvík nærri Húsavík og í Þegjandadal). Sökum þessa hefur Goðatóft mikið minjagildi.

**15. Vallargarður og miklar tóftir innan hans í landi Hrísa (100:008) á merkjum við**

Hamar. Þar eru 8 tóftir innan mikils vallargarðs. Umfang tóftanna og útlit bendir helst til að þarna

hafi verið býli á miðöldum eða jafnvel enn fyrr en engar ritaðar heimildir eru þekktar um staðinn. Á svæðinu er einnig hóllinn



*Tóftirnar fornlegu sem eru á merkjum*

Beinir í landi Hamars (179:013) en um hann er til þjóðsaga. Þar á annar tveggja þræla Ingólfs Bjarmalandsfara að hvíla. Hinn haugurinn er Hausi eða Haushóll í landi Sökku. Þar fannst hins vegar kuml og er því ekki útilokað að sögurnar um legstað þrælanna byggji á fornri þekkingu. Á svæðinu hefur þegar verið byggður sumarbústaður og sett niður hjólhýsi en varast ætti frekara rask á svæðinu þar sem það hefur mikið rannsóknar-, varðveislu- og kynningargildi.

**16. Hálskot/Dalsbær (052:023-024) Rústir býlis/býla, sem m.a. hafa verið kallaðar**

Neðra-Hálskot

(052:024) annars vegar og Efra-Hálskot (052:023) hins vegar, voru friðlýstar 1984 og er friðlýsingarskilti á efstu tóftinni (Efra-Hálskoti), skammt neðan við þjóðveg. Á umræddum stað er mikið garðlag sem



*Á myndinni sést garðlagi sem markar tóftasvæðið að norðan*



afmarkar svæðið til norðvesturs og um 25 tóftir og gerði innan þess. Svæðinu hefur lítið verið raskað þótt einhverjar tóftanna hafi verið byggðar upp og notaðar aftur á síðari öldum. Greinilegt er af öllum ummerkjum að á þessum stað hefur verið myndarlegt býli með tilheyrandi útihúsum og gerðum. Fjöldmörg nöfn hafa verið gefin þessum tóftum og má þar nefna Stóri-Háls, Hálskot, Dalsbær, og Neðra- og Efra-Hálskot. Kristian Kálund stakk upp á nafninu Dalsbæ þar sem giskað var á að þessi bær væri sá og hinn sami og er kallaður því nafni í Valla-Ljótssögu. Dalsbær virðist þó ekki sérstaklega viðeigandi nafn á þessum bæ þar sem ekki er ljóst við hvaða dal hann ætti að vera kenndur. Tóftirnar eru utan við Hámundarstaðaháls og á ströndinni. Líklegra er e.t.v. að hinn dularfulli Dalsbær sé Háls sem er fyrir mynni Hálsdals og gæti vel hafa verið kenndur við dalinn. Allt eru þetta getgátur og enn er mörgum spurningum ósvarað um rústirnar í landi Stóru-Hámundarstaða. Spannandi væri að rannsaka þær frekar og mæla upp. Tóftirnar eru friðlýstar og er ljóst að þær hafa mikið verndunar-, rannsóknar- og kynningargildi og jafnvel mætti tvinna þær saman við aðrar minjar vestar á hálsinum (sjá tillögu nr. 3).

17. **Naustavík** í Hellulandi (066:009) er lítil vík um 1,3 km innan við íbúðarhúsið á Hellu.

Í vikinni var, eins og nafnið gefur til kynna, naust en þar voru einnig sjóbúðir, beituhús (ishús) og aðrar byggingar sem tengjast sjósókn. Yngstu húsin á svæðinu eru með steinsteyptum veggjum en þar eru einnig torfhlaðnar tóftir, sumar hverjar nokkuð signar og fornlegar. Á þessum stað má því sjá framfarir í húsagerð sem tengist sjósókn og hafa þar varðveist skemmtilega blandaðar byggingar frá ýmsum tímum. Staðurinn hefur varðveislu- og kynningargildi.



*Ein af yngri minjunum um sjósókn í Naustavík*

18. **Gamlir bæir úr torfi og grjóti (t.d. Ytri-Hagabær 075:001 eða Kleif 056:001).** Í

Dalvíkurbyggð standa núorðið fáir bæir uppi sem byggðir eru að hluta eða alfarið úr torfi og grjóti og huga þarf að varðveislu þeirra fáu sem eftir standa. Hér verða nefndir þrjú bæir sem allir mega muna fífil sinn fegri en standa þó enn uppi að mestu.

Gamli Ytri-Hagi (075:001) fór í eyði 1964, en fram að því var búið í torfbænum sem enn hangir uppi að hluta. Bærinn hefur að mestu verið úr torfi og grjóti en burðargrind og þil voru úr timbri auk þess sem húsið var timburklætt að innan að hluta með einstaka steinsteyptum veggjum. Fjós var sambyggt bæ og rás var veitt úr læknum sem rennur fast við bæinn og í gegnum fjósið. Hleðslur í bænum eru víða háar eða allt að 2 m á hæð. Bærinn ber fjölmörg merki þess hversu lengi var búið í honum og t.d. hefur rafmagn greinilega verið leitt í hann og má sjá leiðslur og innstungur á veggjunum. Töluvert er tekið að hrynja úr veggjum og gat er í torfpaki á einum stað. Þótt húsið sé enn í sæmilegu ástandi verður þess líklega ekki langt að bíða að timburþil brotni inn og húsið hrynji saman. Verðugt verkefni væri að byggja upp gamla bæinn eða að reyna a.m.k. að halda honum í sama horfi og koma í veg fyrir að hann hrynji eða honum verði rutt út. Bærinn hefur varðveislu- og kynningargildi.



*Bærinn í Ytri-Haga*

Gamli bærinn á Kleif (056:001), fór ekki endanlega í eyði fyrir en 1979, lang síðastur af bæjunum í Þorvaldsdal. Bæjarhúsin á Kleif eru byggð úr torfi, grjóti og timbri og eru þau bárujárnsklædd að hluta. Fjós, í braggastíl er sambyggt bænum að sunnan. Bærinn hefur líklegast verið byggður í áföngum og af takmörkuðum eignum. Þak er byrjað



*Kleifarbærinn*

að falla inn og ljóst er að húsin mun að talsverðu leyti hrynja saman á næstu áratugum

nema eitthvað verði að gert. Vel mætti stuðla að uppbyggingu Kleifar í tengslum við frekari kynningu á Þorvaldsdal.



## Lokaorð

Hér að framan hafa verið tilnefnd 19 minjar/minjasvæði í Dalvíkurbyggð sem þykja sérstaklega athyglisverð fyrir einhverra hluta sakir og hafa gott minjagildi. Fjölmarga fleiri staði mætti telja til og má t.d. benda á að ef ráðgert er að friðlýsa náttúruverndarsvæði á Upsaströnd mætti vel vekja athygli á einhverjum þeirra fjölmörgu fornleifa sem eru á því svæði.

Eins og kom fram í inngangi er mat á “úrvals” minjastöðum ætíð álitamál og mótast af tíðaranda og áhuga þess sem það leggur. Við þessa úttekt var aðaláhersla lögð á kynningargildi, þ.e. flestir staðanna höfðu eitthvert sjónrænt gildi og voru fremur eða mjög aðgengilegir, auk þess að vera athyglisverðir í fornleifafræðilegu tilliti. Rétt er að ítreka að margir minjastaðanna eru innan einkaeigna og enn sem komið er engin samvinna hafin við landeigendur um mögulega kynningu minjastaða eða bætt aðgengi að þeim. Slíkt bíður seinni tíma.

Menningartengd ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein og hafa Svarfdælingar sem og aðrir íbúar Dalvíkurbyggðar nóg sóknarfæri í þeim efnun. Fornleifaskráning á svæðinu nýtist vel sem grunnur að frekari vinnu í slíkum efnun. Fornleifaskráning er einnig þarfur grundvöllur og undirbúningur að hvers lags frekari úttekt á fornleifum, s.s. nákvæmum uppmælingum, þrúfuskurðum og uppgrefti. Þeirri vinnu er lokið í Dalvíkurbyggð og því möguleikar á frekari rannsóknum í sveitarfélaginu meiri og betri en á mörgum öðrum svæðum. Ljóst er að gnægð spennandi minjastaða er á svæðinu og enn er mörgum spurningum ósvarað um aldur og umfang minja á svæðinu. Í Dalvíkurbyggð eru því mörg spennandi tækifæri fyrir frekari fornleifarannsóknir sem og í kynningu staðanna sem og sögu og menningu svæðisins, jafnt fyrir heimamönnum sem og ferðamönnum sem leið eiga um svæðið.

## Heimildir

Adolf Friðriksson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Margrét Stefánsdóttir og Orri Vésteinsson. 2000. *Fornleifakönnun í Eyjafirði XII: Fornleifar á Upsaströn, Dalvíkurlandi og vestanverðum Svarfaðardal inn að Klaufabrekku*. Fornleifastofnun Íslands. FS-116-99091. Fjölrit, Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2001. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVI. Fornleifar í innsta hluta Svarfaðardals (frá Göngustaðakoti) og í vestanverðum Skíðadal inn að Þverá*. Fornleifastofnun Íslands. FS-144-00122. Fjölrit, Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2002. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVI: Fornleifar í Skíðadal frá Kóngsstöðum og norður með Svarfaðardal austanverðum að Sökku*. FS168-99093. Fjölrit, Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar í austanverðum Svarfaðardal austanverðum frá Skáldastöðum og meðfram Árskógsströnd suður að Litla-Árskógi*. FS204-99094. Fjölrit, Reykjavík.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2004. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XIV: Fornleifar í Þorvaldsdal og syðsta hluta Árskógsstrandar að hreppamörkum*. FS256-99095. Fjölrit, Reykjavík.

Fornleifaskrá. 1990. Skrá um friðlýstar fornleifar. Ágúst Ó. Georgesson tók saman. Reykjavík.

Kristján Eldjárn. 1980. "Uslaréttir". *Árbók hins íslenska fornleifafélags* bls. 101-110.

Kristján Eldjárn (Adolf Friðriksson ritstj.). 2000. *Kuml og haugfé* (2. útg.). Mál og menning. Reykjavík.

Saga Íslands VIII. 2006. Sigurður Lyngdal ritstj. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.

*Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1854*. 1972. Eyfirzk fræði II. Akureyri.

Munnleg heimild:

Adolf Friðriksson. munnleg heimild um kumlfund í Kálfskinnslandi.

VIÐAUKI 1: Minjastaðir í Dalvíkurbyggð sem minnst er á í texta, í landshnitakerfi (ISN93)

Númer	X-hnit	Y-hnit	Númer	X-hnit	Y-hnit
052023	525149.27	605944.96	100008	522376.53	605894.47
052024A	525290.68	606127.99	101011	520157.24	607773.53
052024B	525315.14	606139.43	101014	516864.01	608244.92
052024C	525304.49	606166.46	101019	519387.04	608809.01
052024D	525265.04	606213.2	101020	521453.27	608344.33
052024E	525229.54	606222.47	103013	521600.41	608746.88
052024F	525244.53	606238.84	108009	521912.83	610895.96
052024G	525184.77	606260.54	108010	521919.54	610905.23
052024H	525177.86	606292.69	108011	521951.49	610879.39
052024I	525233.29	606288.35	108015	521888.38	611012.72
052024J	525278.85	606312.21	110004	521346.18	609120.25
052024K	525281.61	606339.04	124019	473102.05	601208.36
052024L	525352.02	606090.13	12513B	518881.92	600638.54
052024M	525388.71	606127.6	129010	517415.48	599527.52
052024N	525432.1	606228.58	12911B	517329.88	599625.74
052024O	525343.15	606075.14	12912B	517385.69	599723.57
052024P	525284.17	606105.71	12913B	517393.78	599697.93
052024Q	525315.73	606010.84	12914C	517475.83	599672.09
052024R	525173.13	605937.27	12915B	517364.98	599736
052024S	525144.14	605952.06	13312C	513997.19	596378.07
052024T	525169.19	606052.06	140007	510785.81	595761.9
052024U	525150.84	606105.9	142023	508239.3	595763.68
052024X	525200.55	606130.16	143040	501958.35	592181.3
052024Y	525186.54	606162.31	144007	506301.86	594188.56
052024Z	525093.25	606187.95	144007B	506408.96	594344.77
052025	524808.25	606037.66	149014	517735.98	597045.71
056001	528694.37	600413.3	149016	517032.64	597486.53
059023	529353.14	603424.89	150024	517583.13	595335.88
059025	528949	600874.63	151013	517726.91	593624.66
05934A	528869.52	599501.09	165022	518777.38	598227.74
05934B	528884.11	599493.99	165034	518753.72	597655.76
05934C	528883.91	599512.53	170013	520056.85	601018.02
05934D	528880.96	599470.52	173012	520880.31	602677.96
05934E	528868.14	599409.57	176033	521100.22	604286.41
05934F	528895.95	599412.73	179013	522687.38	605381.85
05934G	528886.48	599425.35	181008	523533.71	606727.39
05934H	528922.97	599416.67	181009	523767.04	606169.41
05934I	528926.32	599424.36	181014	523931.34	603537.31
05934J	528883.52	599352.97	181015	524019.11	602936.33
05934K	528939.53	599370.12	181024	523934.69	605731.75
05934W	528721.2	599680.18	181027	523374.54	604676.54
05934X	528920.99	599553.55	181028	523386.18	604624.08
05934Y	528959.65	599509.77	18111A	523925.62	605451.68
05934Z	528963.6	599430.87	18111B	523979.66	605418.54
062002a	531033.38	600998.1	18111C	523940.41	605385.4
062002b	531093.74	600946.82	18111D	523965.26	605354.44
062002c	530965.73	601000.47	18111E	523918.32	605342.21
062003	530323.53	601876.59	18111F	523876.9	605330.97
062009	530699.27	601719.59	18111G	523978.48	605090.73
066009	528494.97	606035.89	18111H	524094.25	605454.24
066025	528896.14	605595.46			

## **VIÐAUKI 2:**

### **Stutt yfirlit um kuml í Dalvíkurbyggð**

Í Brimnesi fannst kumlateigur (103:013) árið 1908, og er hann talinn einn sá merkasti sem fundist hefur hér á landi. Ári seinna rannsökuðu Daniel Bruun og Finnur Jónsson teiginn. Þar komu í ljós 13 kuml og nokkurt haugfé. Eitt kumlanna var bátskuml. Árið 1942 kom í ljós fjórtánda kumlið á þessum stað og var það þá rannsakað.

Í landi Lækjarbakka, sem upphaflega var byggður úr landi Upsa, norðan Brimnesár fundu Daniel Bruun og Finnur Jónsson enn eitt kuml (110:004) í rannsóknarferð sinni 1909. Þar var myndarlegur haugur en fremur fátæklegt kuml. Þeir Daniel og Finnur töldu að í námunda við hauginn væru fleiri kuml þó frekari rannsóknir þeirra hafi engan árangur borið.

Matthías Þórðarson rannsakaði árið 1937 kuml í landi Böggvisstaða (101:020), heldur sunnar en kumlin á Brimnesi. Við rannsókn hans kom í ljós bátskuml og hrossbein. Hvorki fundust leifar mannabeina né gripa og þykir ljóst að kumlið hafi verið rofið og rænt fyrr á öldum. Við það hefur maðurinn, og þeir gripir sem honum kunna að hafa fylgt, verið fjarlægðir úr gröfinni.

Kumlateigur (125:013) fannst í landi Ytra-Garðshors á árunum 1952-1958. Kristján Eldjárn rannsakaði teiginn og samtals komu 10 kuml í ljós þar. Ekki var þó gerð kerfisbundin leit á teignum og getur því verið að fleiri kuml leynist þar ennþá. Kumlin voru misjafnlega búin en gerð þeirra virðist þó fastmótuð. Kumlateigurinn á Ytra-Garðshorni er einn stærsti grafreitir frá heiðnum tíma sem rannsakaður hefur verið hér á landi. Hann er einna sambærilegastur kumlateignum á Dalvík og þykir merkilegt, að tveir stærstu kumlateigar landsins skuli vera svo nærri hvor öðrum. Skammt norðan við kumlateiginn í landi Ytra-Garðshorns komu í ljós á þriðja áratug 20. aldar mannabein sem gætu verið úr kumlum þar sem húsið Syðri-Grund stendur nú.

Leifar kumls (150:024) fundust árið 1970 400-500 m frá bæ á Dæli. Kumlsins varð fyrst vart þegar búíð var að ýta út úr gröfinni en í ruðningnum fundust bein manns og hests, auk leifa af beinprjónum. Um nákvæma legskipan varð lítið sagt.

Kuml (176:033) í landi Sökku fannst um 1770. Um það er fremur lítið vitað en þó er vitað að þar hvíldi maður með hesti og haugfé.

Á Ytra-Hvarfi fannst kumlateigur (165:022) við vegagerð árið 1949. Greinilegt var að kumlin höfðu verið rænd fyrr á tímum en auk þess skemmdust þau við vegaf framkvæmdirnar. Tvö greinileg kuml fundust á þessum stað en auk þeirra voru mannabeinaleifar á þremur stöðum. Kumlunum tveimur hafði mikið verið raskað en þó varð séð að í þeim báðum höfðu hvílt menn með haugfé og hestum. Mestallt haugféð og mannabeinin voru horfin.

Kuml fannst í Álfhóli í Hrísalandi (100:008) árið 1916. Í kumlinu voru bein miðaldra konu og kúpt næla, hringprjónn úr bronsi, snældusnúður úr blýi og torkennilegir járnútar, líklega úr skærum. Álfhóll er nú mikið skemmdur en útlínur hans sjást enn.

Nokkur kuml hafa fundist á Hámundarstaðahálsi. Vitað er um staðsetningu eins kumls á hálsinum (052:025) en frásagnir eru til um fleiri kumlafundi á svipuðum slóðum (052:026). Líklegt verður að teljast að á þessum slóðum leynist fleiri kuml.

Í landi Stærra-Árskógs fannst kuml (059:023) árið 1917 þegar verið var að laga gamlan kerruveg sem lá að brú á Þorvaldsdalsá suður af Þorvaldsárfossi. Þar fundust bein úr miðaldra konu og með henni járnfleinn ferstrendur og hnífur. Fast við kumlið var hrosskuml með nokkrum járnbrotum, hringju- eða kengbrot og nagli, hvort tveggja úr söðli.<sup>8</sup>

Í landi Kálfskinns (062:002) fundust við skráningu (og eftir ábendingu Sveins Jónssonar bónda) þústir sem þóttu mögulega geta verið kuml, sér í lagi þar sem við vettvangsrannsókn fannst ein hrosstönn. Sumarið 2005 fór fram uppgröftur á staðnum sem leiddi í ljós tvö kuml. Bæði kumlin höfðu að geyma leifar hross- og mannsbeina en þau höfðu þó verið rænd á fyrri öldum og ekki fundust aðrir gripir en fáein járnbrot.

Í bréfi Haralds Davíðssonar á Stóru-Hámundarstöðum til Þjóðminjasafns er getið um kuml á Lækjarbakka í landi Hellu (066:025). Þar segir: “Þá er fornt dys á Lækjarbakka og vilja sumir tengja hana fornri sögn. Þessi dys var rofin og spjót úr henni sent Þjóðminjasafni.” Mögulegt er að einhver ruglingur sé nú tengdur þessum fundi og hér sé raunverulega átt við kumlfund á Lækjarbakka á Dalvík. Þar fannst hins vegar ekkert spjót. Það spjót sem Haraldur vísar til er ekki þekkt á Þjóðminjasafni.

---

<sup>8</sup> Kuml og Haugfé. 2000, 171